

Þórunn Sigurðardóttir bjó til prentunar

**Jón Ólafsson úr Grunnavík**

**Um religions tilstandið í Danmörk og nálægum löndum á þessum tímum, circa annum 1757**

*Inngangur*

Fyrri hluti 18. aldar var mikill umbrotatími í trúarlegum málefnum í Danmörku en þá fór heittrúarstefnan, eða píetisminn, að skjóta rótum í andlegu lífi þjóðarinnar, jafnt meðal klerka sem almúga og aðals. Heittrúarstefnan er upprunnin í Þýskalandi á síðari hluta 17. aldar, einkum í skrifum guðfræðingsins Philipps Jacobs Spener (1635–1705), og einkenndist öðru fremur af áherslu á trúrækni einstaklingsins, innra líf hans og tilfinningar. Áhrif frá þessari stefnu birtust með ýmsum hætti í þjóðlífinu, t.d. komu upp trúarhópar sem töldu sig ekki þurfa á þjónustu kirkjunnar manna að halda en héldu trúrækni fóligna í því að koma saman í heimahúsum til að syngja sálma og lesa upp úr Biblíunni. Þetta er þó einungis ein birtingarmynd heittrúarstefnunnar, því að margir prestar og valdsmenn aðhylltust hana, og konungsfjölskyldan í stjórnartíð Kristjáns sjötta (1730–1746) var mjög hliðholl píetistum. Sú tegund píetisma sem yfirvöldum hugnaðist, hinn kirkjulegi píetismi, lagði áherslu á uppfræðslu og setningu laga varðandi trúfræðslu og trúariðkun, en skólustefna píetismans, sem tók mið af kenningum Augusts Hermanns Francke (1663–1727), prófessors í Halle, um almenna lestrarkunnáttu hafði gríðarleg áhrif á norður-evrópsk samfélög.<sup>1</sup>

Heittrúarstefnan barst til Íslands í upphafi fimmta áratugs aldarinnar með prestinum Ludvig Harboe (1709–1783) og Jóni Þorkelssyni (1697–1759), síðar skólameistara, sem voru sendir af yfirvöldum í Kaupmannahöfn til að kanna ástand trúmála í landinu, og dvöldu við það árin 1741 til 1745. Á þeim tíma var staddur á Íslandi fræðimaðurinn Jón Ólafsson úr Grunnavík (1705–1779)<sup>2</sup> og hefur

---

Ég þakka Guðrúnu Ásu Grímsdóttur kærlega fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar og Sigurði Péturssyni fyrir að lesa yfir latínuklausur í ritgerð Jóns Ólafssonar.

<sup>1</sup> Um trúarhræringar í Danmörku á 18. öld hef ég stuðst við kafla eftir Einar Sigurbjörnsson í *Kristni á Íslandi III. Frá siðaskiptum til upplýsingar*. Loftur Guttormsson ritst. (Reykjavík: Alþingi, 2000), bls. 302–319, og *Danmarks kirkehistorie* eftir Martin Schwarz Lausten (Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1987), bls. 170–191.

<sup>2</sup> Jón dvaldi mestallan starfsaldur sinn í Kaupmannahöfn við fræðistörf en var á Íslandi árin 1743–1751. Um Jón Ólafsson, ævi hans og störf, má lesa í doktorsritgerð Jóns Helgasonar, *Jón Ólafsson frá Grunnavík* (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag, 1926) og í tveimur greinum eftir Guðrúnu Ásu Grímsdóttur, „Um Jón Ólafsson úr Grunnavík“, *Hræringur úr ritum Grunnavíkur-Jóns. Erindi flutt á málþingi um Jón Ólafsson úr*

trúlega fylgst með þeirri umræðu sem fram fór meðal klerkastéttarinnar um sendiferð Harboes og skoðanir hans. Sjálfur hafði Jón skrifað ritgerð um píetista í Kaupmannahöfn og haft með sér til Íslands 1743, þar sem hún glataðist, eftir því sem hann segir í ritgerðinni sem birtist hér fyrir aftan. Augljóst er að Jón hefur viljað fræða samtímamenn sína á Íslandi um þær hræringar í trúmálum sem áttu sér stað í Danmörku, og nokkrum árum eftir að hann kom aftur til Kaupmannahafnar, nánar tiltekið í maí og júní 1757, tók hann til við að skrifa ritgerð um ástand trúarbragða í Danmörku um þær mundir, „Um religions tilstandið í Danmörk og nálægum löndum á þessum tímum, circa annum 1757“.

Jón gerir uppkast að ritgerðinni, byrjar síðan að hreinrita inngang hennar en lýkur ekki. Hann gerir aðra tilraun til að ljúka ritgerðinni nokkrum árum síðar, eða 1764, en sá pistill er einnig ófullgerður.<sup>3</sup> Þriðja tilhlaup að efninu gerir Jón árið 1776. Ritsmiðarnar síðari eru báðar skrifaðar sem framhald hreinritaða inngangsins og eru að öllum líkindum tilraunir Jóns til hreinritunar uppkastsins frá 1757. Inngangurinn endar á orðunum „eilífrar velferðar“ (bl. 1v) en eldri endurgerðin hefst á orðunum „Að sönnu er hér nú einnig“ (bl. 7r). Yngri endurgerðina (frá 1776) setur Jón sem beint framhald af hreinrituninni á bl. 1v.

Ritgerðina hefur Jón upphaflega ætlað Ormi Bjarnasyni (1680–1764), prófasti á Mel í Miðfirði, því að hann ávarpar Orm í upphafi ritgerðarinnar. Séra Ormur var kvæntur Ingiríði Pálsdóttur, móðursystur Jóns, og var einn af mörgum Íslendingum sem Jón skrifaðist á við og sendi fréttapistla frá Kaupmannahöfn.<sup>4</sup> Hann hefur þó hætt við að senda Ormi ritgerðina og bætir síðar við ofan línu, þar sem hann ávarpar Orm, að honum hafi þótt ráðlegra að gera það ekki.<sup>5</sup> Hann hefur ef til vill verið hræddur um að sér yrði brigslað um annarlegar skoðanir í trúmálum, því að tvisvar sinnum í ritgerðinni má merkja að hann hefur áhyggjur af að menn átti sig ekki á því að hann sé að skrifa sagnfræði en ekki að boða trú.

Jón Helgason kallar þessi skrif nafna síns „marklausa smáritlinga“ í doktorsritgerð sinni um Grunnvíking,<sup>6</sup> og varla er við því að búast að

---

*Grunnavík laugardaginn 16. apríl 1994* (Reykjavík: Orðmennt og Góðvinir Grunnavíkur-Jóns, 1994), bls. 9–18, og „Lærður Íslendingur á Turni. Af Jóni Ólafssyni Grunnvíkingi“, *Gripla* XII (2001), bls. 125–147.

<sup>3</sup> Í þessu skrifti vísar hann í rit frá 1761 og við uppkastið frá 1757 (bl. 6r) hefur hann bæt við um svipað leyti og hann hefst handa við endurritunina fyrri: „Nú á þessum tímum 1764 eru flestir frímaurer og separatistar haldnir að vera í Dantzig, vill magistraten þar að sönnu fá þeim burtstíð en er ei auðvelt.“ Í þriðja lagi má benda á að Jón segir (bl. 7r) að Jens Pedersen Juel sé kapelán við Trinitatiskirkju en hann fór þaðan 1765 (sjá nmgr. 38).

<sup>4</sup> Upplýsingar um Íslendinga eru hér og eftirleidis fengnar úr æviskrám Páls Eggerts Ólasonar, *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* I–V (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948–1952), nema annað sé tekið fram. Guðrún Ása Grímsdóttir hefur birt útdrátt úr þremur bréfum Jóns til Orms: „Úrval bréfaskrifta Jóns Ólafssonar úr Grunnavík frá Kaupmannahöfn til Íslands 1728–1738“, *Vitjun sína vakta ber. Safn greina eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík*. Ritstjórar, Guðrún Ingólfssdóttir og Svavar Sigmundsson (Reykjavík: Góðvinir Grunnavíkur-Jóns og Háskólaútgáfan, 1999), bls. 103–142, útdráttirnir eru á bls. 107, 114 og 118.

<sup>5</sup> Viðbótin er með öðru bleki og hefur líklega verið skrifuð á sama tíma og Jón tekur á ný til við ritgerðarsmiðina, þe. 1764.

<sup>6</sup>Jón Ólafsson frá Grunnavík, bls. 289.

þær varpi nýju ljósi á ástandið í trúmálum í ríkisins höfuðstað á 18. öldinni. Engu að síður þykir mér ástæða til að ritgerðirnar séu gerðar aðgengilegar þeim sem áhuga hafa á sögu 18. aldar. Þær sýna viðhorf íslensks fornfræðings til trúarhræringa í Danmörku á þessum tímum og lifandi áhuga hans á umhverfi sínu og samtíma. Ennfremur kemur fram í inngangsorðum ritgerðarinnar hvernig Jón lætur sig varða ástand trúmála heima á Íslandi. Tilgangur hans með skrifinu er hvort tveggja í senn, að fræða íslenska guðsmenn um trúmál í Danmörku og að gera þeim kleift að þekkja annarlegar og óæskilegar trúarkenningar sem heimfluttir stúdentar kynnu að bera með sér frá Kaupmannahöfn.

Á þeim tíma sem Jón Ólafsson skrifaði ritgerðina um religions tilstandið í Danmörk og nálægum löndum 1757 var hann í miklum metum meðal lærðra embættismanna á Íslandi, eins og Guðrún Ása Grímsdóttir hefur bent á í ritgerð sinni um Grunnvíking í *Griplu XII* (2001). Hann var rétt nýkominn aftur til Hafnar eftir nokkurra ára dvöl á Íslandi þegar hann tekst á hendur að skrifa séra Ormi Bjarnasyni um ástand trúmála í Danmörku. Gera má ráð fyrir að séra Ormi hefði þótt ritgerðin forvitnileg ef hún hefði borist honum í hendur, en ekki getum við vitað með vissu af hverju Jón hætti við að senda hana, þó svo að hann gefi í skyn, löngu síðar, ótta um að menn kynnu að misskilja ritgerðina og halda sig einhvers konar trúvilling. Ekki er óhugsandi að hann hafi enn borið í brjósti von um embætti heima á Íslandi og ekki viljað hætta neinu.

Í elsta uppkasti ritgerðarinnar fjallar Jón fyrst um píetista, sem hann stingur upp á að menn kalli ‚guðræklinga‘ á íslensku, en þeir hafa á síðari tímum verið nefndir heittrúarmenn í íslenskum fræðiritum. Píetistar urðu nokkuð áberandi í Danmörku á fyrri hluta 18. aldar og stóð á stundum nokkur styr um þá, eins og fram kemur hjá Jóni. Jón segir frá uppruna píetista, trúarkenningum þeirra og hátterni, og virðist sáttur við flest nema að dálítills vanþóknunartóns verður vart þar sem hann talar um að píetistar hafi lokkað menn, eða keypt, til fylgis við sig og einnig þegar hann segir að kvenfólk tali stundum fyrir þeim, og útpýði guðsorð í heimuglegum samkvæmum. Reyndar kemur fram hér, sem og í endurgerðinni frá 1776, að píetistar voru ekki af einu tagi. Það er hinn kirkjufjandsamlegi píetismi sem Jón deilir einkum á.

Separatistar, sem Jón vill kalla ‚hina frásneyddu‘, komu upp ekki löngu á eftir píetistum en urðu ekki jafn vinsælir meðal fólks. Þeir sækja hvorki kirkju né sakramenti, eftir því sem Jón segir, en lifa þó guðrækilega og er Jóni fremur vel til þeirra. Þessi hreyfing var vinsæl í Holsten og Þýskalandi, segir Jón.<sup>7</sup>

Jón flokkar frímúrara sem trúarhóp og eru þeir þriðji trúflokkurinn sem hann tekur sér fyrir hendur að lýsa. Hann nefnir þá ýmsum nöfnum, t.d. frímaurer, frímúrmenn, frítrúarmenn eða

---

<sup>7</sup> Sjá um þá í *Danmarks kirkehistorie*, bls. 180–183.

frjálstrúarmenn, og segir það þeim til hróss að þeir lokki menn ekki til sín með fégjöfum eins og margir píetistar geri. Einnig gætir nokkurrar velþóknunar hjá Jóni þegar hann greinir frá því að frímúrarar taki einungis „sérlega skynsemdar eður íþróttamenn“ í sínar raðir.

Þá minnst Jón með örfáum orðum á tvo hópa til viðbótar, sem minna máli skipti fyrir danskt samfélag en þeir sem á undan var um fjallað, svokallaða „fratres misericordiae“, sem séu einstakir guðhræddir menn er finna má í öllum trúfélögum, og „mopsa“, sem hann segir að séu til í Hollandi og vill sem minnst af vita sökum ópökkaskapar þeirra. Hann greinir þó ekki frá því í hverju sá ópökkaskapur felst.

Fyrri atлага Jóns að efni uppkastsins frá 1757, sem hann gerði að öllum líkindum 1764, hættir í miðjum klíðum og kemur ekkert nýtt þar fram. Í endurgerðinni frá 1776 er nokkurt efni sem ekki er í fyrsta uppkastinu, t.d. greinir hann frá nokkrum Íslendingum sem hafa skorið sig frá öðrum í trúmálum eða trúarlegri hegðan eftir siðskiptin. Þessi kafli er fremur sundurlaus og sumt sagt tvisvar. Hér er til að mynda nefndur Brynjólfur biskup Sveinsson (1605–1675), sem Jón kallar laumu-kaþólikka (crypto-catholicus), og Jón lærði Guðmundsson (1574–1658), en samkvæmt Grunnvíkingi voru „pápískar leifar eftir í höfðinu á þeim karli“, auk þess sem hann hafi skrifað um trú og hátterni álfa. Jón nokkurn í Leirárgörðum ténir hann til, en sá á að hafa efast um helgi Krists, og sömuleiðis prest nokkurn, sem nefndi Krist nánast aldrei í predikunum sínum og var haldinn deisti.<sup>8</sup> Að þessu loknu greinir Jón frá trúflokum sem áberandi hafa verið í Kaupmannahöfn frá því er hann kom þangað árið 1726 og til ársins 1776. Hér skiptir hann píetistum í þrjá flokka, þá sem vildu efla guðrækni í anda fyrstu siðskiptamannanna, hina sem útveguðu sér tilhengjendur með peningum og höfðu uppi ýmsar trúargrillur og loks þá sem kallaðir voru herrnhútar og þóttust vera andaktugri en aðrir í því skyni að draga til sín eigur manna. Hann minnst einnig á ‚abelína‘ eða ‚abelíta‘, sem ræða mest um gagn ríkisins og velgjörðarmál. Frímúrarar eru samkvæmt þessari ritgerð þekktastir trúarhópa um þær mundir og hafa það sér til ágætis að styrkja hverjir aðra fjárhagslega, jafnvel milli landa. Separatistar fá dálitla umfjöllun en mopsar nokkru meiri en í uppkastinu frá 1757. Hér kemur í ljós að þeir eru skyldir anababtistum eða mennónítum, sem upprunnir voru í Hollandi, enda mopsar hollenskir einnig. Reyndar sýnist Jóni nú frímúrararnir hættulegastir, því að þeir opni dyr til trúleysis. Ritgerðinni lýkur hann með því að vitna í Pál postula um síðustu daga heimsins.

Allar þrjár gerðir ritgerðarinnar er að finna fremst í eiginhandarriti Jóns, sem varðveitt er á Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi undir safnmarkinu AM 994 I 4to, en handritið geymir að öðru

---

<sup>8</sup> Skynsemistrúarmaður, sá sem trúir á Guð út frá forsendum skynsemi en ekki opinberunar (sjá *Kristni á Íslandi* III, bls. 305).

leyti fréttapistla hans frá árunum 1757–1777.<sup>9</sup> Handritið hefur verið blaðmerkt með blýanti og er umrætt efni á bl. 1–9. Uppkastið frá 1757 er á bl. 2r–6v. Á bl. 1r–1v, línu 1–7 er ófullendaða hreinrit inngangsins. Á bl. 7 er eldra framhald hreinritaða inngangsins, skrifað 1764, sem hættir í miðjum klíðum og eru 3 blaðsíður auðar á eftir. Upphaf síðara framhalds inngangsins er á bl. 1v, línu 8–29 og heldur áfram á bl. 9. Blöð 1 og 9 eiga saman (á þeim er sami frágangur, tvískrikaðar spássíur beggja vegna og blöðin mun dekkri en blöðin á milli) og hafa blöðin með uppkastinu frá 1757 og eldri endurgerðinni verið lögð innaní tvíblöðunginn sem geymir hreinrit inngangsins frá 1757 og yngri endurgerðina frá 1776. Blöð 7–8, sem geyma eldri endurgerðina, hafa upphaflega verið sjálfstæður tvíblöðungur, þau eru hvítari en önnur umrædd blöð.

Í uppskriftinni hér er notuð nútíðarstafsetning en ýmsar orðmyndir Jóns, sem ekki eru almennar í nútíðaríslensku, þó láttnar halda sér. Nefna má sem dæmi orðmyndirnar andligur, þanninn, einninn, hefir, hverki, mäske, kunnigir, engva og Kaupenhafn. Einnig eru orð sem venja er nú á tímum að skrifa í einu orði látin vera í tveimur orðum, eins og Jón gerir. Jón skrifar mjög skemmtilegan stíl en á það til að sletta, einkum latínu. Hann besinnar sig, agerar, affecterar, refererar og dedicerar.<sup>10</sup>

Þó að hreinritaði inngangurinn sé upphaf allra gerða ritgerðarinnar verður hann einungis birtur einu sinni, en uppskriftin hér hefst á honum. Í beinu framhaldi kemur uppkastið frá 1757 (bl. 2v–6v) að frátöldu því sem hreinritað var, þá atlagan frá 1764 (bl. 7r) og að lokum yngsta gerðin frá 1776 (bl. 1v og 9r–v). Blaðaskil eru merkt með | og blaðtal sem þá tekur við sett á eftir innan hornklofa. Ekki er auðkennt sérstaklega það sem skrifað er á spássíu ef það er hluti af textanum, enda er hér um uppkast að ræða og hefur Jón ætlað að hreinrita allan textann síðar. Ekki er heldur greint frá því hvaða orð Jón strikar yfir, nema þau séu af efnislegum toga og komi ekki fyrir annars staðar í ritgerðinni. Það sem er innan hornklofa í textanum eru leiðréttingar eða skýringar útgefanda en leyst er upp úr styttingum Jóns innan sviga. Athuga ber að Jón notar sjálfur talsvert sviga, t.a.m. til að tákna innskot, en ekki er vandkvæðum bundið að sjá hvenær um slíkt er að ræða.

---

<sup>9</sup> Jón sendi reglulega heim til Íslands fréttapistla sem hann skrifaði upp úr dönskum blöðum og þýddi á íslensku. Um fréttasyrpur Jóns Ólafssonar má lesa í riti Jóns Helgasonar, bls. 327–329, og grein Guðrúnar Asu Grímsdóttur, „Larður Íslendingur á Turni“, einkum bls. 136–144.

<sup>10</sup> Hér má til gamans benda á ritgerð sem Jón skrifaði um vond áhrif dönsku á íslenska tungu, sem Gunnlaugur Ingólfsson og Svavar Sigmundsson gáfu út í *Griplu X* (1998), bls. 137–154, en þar segir hann að tungunni sé engin hættu búin af tökuorðum sem notuð eru um hluti sem engin orð eru til um á íslensku en gagnrýnir það þegar Íslendingar nota dönsk orð yfir fyrirbæri sem eru til á íslensku.

[Ritgerðin frá 1757]<sup>11</sup>

Um religions tilstandið í Danmörk og nálægum löndum á þessum tímum, circa annum 1757. Lítið ágríp, skrifað frá Kaupenhavn og sent geistligrar stéttar manni,<sup>12</sup> góðum vin, til Íslands í júníó – dicto anno.<sup>13</sup>

Velæruverðugi og mjög vellærði domine præposite síra Vorm Bjarnason!<sup>14</sup>

Full og öll von er þess að yður, og öðrum Guðs elskuðum andligrar stéttar mönnum, sé umhugað að vita hvað fram fer í religions efnunum í næstu löndum, einkum hér í ríkisins höfuðstað, því það er líklegt að hið sama kynni enn þá til að bera sem fyrr hefir orðið, sem er að sumir héðan komnir dragi einhvern dóm af því sem hér gengur fram og í þann eður þann tíma er mest í gildi – því alþýðan er nýjungagjörn og henni leiðist oft það lengi hefir gengið. En þess er að gæta að sumt af slíku er eigi almenningi kunnigt, því þetta fer fram heimugliga flestallt. Er því ei að undra þó margt sé missagt, annaðhvert af vanþekkingu og eftir annarra munneti og vankunnigra orðrómi,<sup>15</sup> |[1v] eður og eftirtektaleysi, eður og loksins af eintómum illvilja og hatri og undir eins hræsni þeirri að látast vilja halda við það góða og gamla, hverjum þó sumum varla af því veitir, en væri óskandi að vera rétt grundvölluðum í þeim sanna og rétta trúarlærdómi eður, með öðrum orðum, sannri þekkingu Guðs og hans opinberaða vilja til síns eigin sálar gagns og eilífrar velferðar.<sup>16</sup> |[2v, l. 1–4]

<sup>11</sup> Hér er hreinritið skrifað upp eins langt og það nær (bl. 1r–1v, línu 1–7) en þá haldið áfram eftir uppkastinu, á bl. 6v.

<sup>12</sup> „manni“ batt við síðar.

<sup>13</sup> Seinna (trúlega 1764) hefur Jón batt við ofan línu: „Það varð ei af því, því mér þótti ráðlegra, að gjöra það ekki.“ Ennfremur skrifar hann á uppkastið, bl. 2r, trúlega sama sinnið þar sem bleklitur og skrifarlag er mjög líkt: „Það varð ekki af að ég sendi það, því ég besinnaði mig.“

<sup>14</sup> Ormur Bjarnason (1680–1764), prófastur á Mel í Miðfirði (sjá inngang).

<sup>15</sup> Ofanmáls og á spássíu hefur Jón batt við síðar (trúlega 1764): „Þetta var hvergi sent. Má forþræst síðan og hreinskrifast, ef mér ræður so við að horfa. Hér ætti og með réttu að vera lagt hjá skrif prestsins Carl Ferdinand Treu, prests til Nasset í Noregi, um frímaurana, sumir meina það sé til þrykkt. Mitt exemplar, með minni eigin hendi sveik Jón Marteinsson út hjá mér, og skilaði aldrei síðan aftur. Það skrif er dedicerat kónginum Kristjáni 6. þá hann var í Noregi. Það höndlar um þeirra dogmata, og Satz rectius indifferentismum. Upptök og þar í tvær stytturnar í Templo Salomonis, Basan og [hér er eyða og hefur Jón atlað að bata orði inn í textann síðar] sem so þýða uppá sig en þeirra emblema eru tvö andlit, það eina gamalmennis, það eina unglings, með hjáskrift proudientia et labore, ef ég rétt minnist. Þessi fyrstu upptök voru þar téð seculo tertio Audomari nokkurs, qvi asseruit salutem in qvavis dari religione, modo adesset sincerum propositum fidelitatis. Videatur Fechtius meus.“

Carl Ferdinand Treu (1710–1765) var danskur prestur, en vel getur verið að hann hafi um tíma verið í Noregi eins og Jón heldur fram. Þess er þó ekki getið í H. Ehrencron-Müller, *Forfatterlexikon omfattende Danmark, Norge og Island VIII* (Kaupmannahöfn, 1930), þar sem um Treu er fjallað.

Jón Marteinsson (1711–1771) var styrkþegi Árnasafns skamma hríð laust fyrir miðja 18. öld en hann dvaldi í Kaupmannahöfn til áviloka við ýmis fræðistörf, eins og nafni hans Ólafsson. Þeir munu hafa leigt saman húsnæði um tíma (sbr. Guðrún Ása Grímsdóttir, 2001, bls. 133).

<sup>16</sup> Hér endar hreinritaði kaflinn og síðar, árið 1776, byrjar Jón að endurrita ritgerðina þar fyrir neðan. Sú endurgerð nær niður blaðið en heldur svo áfram á eftir uppkastinu frá 1757, bl. 9r–v. Hér er haldið áfram með uppkastið frá 1757, að undanskildu efninu sem hreinritað var.

Á dæmin er skammt að minnst, fyrir fáum árum þegar rokurnar uppkomu um píetistana, hversu margur fréttufróður óð þá í rammri reykyjar svælu sökum þessa og annars. Margur, sjálfur óviti eftir óvitum, er hleypur með munnlegar sagnir um slíka hluti, sem altíð aukast og fordjarfast á ferðinni, er næsta fáfróður þótt tilgjörðarlaus og illvilja kunni að vera í nýjungunum, þá hefi ég þetta ágríp þanninn í bráð uppteiknað yður sjálfum til yfirskoðunar og eftirtekta, sem ég bið að ei fari lengra að svo komnu, því þó ég ageri hér ei nema historicum kynnu sumir (ef ég get rétt nærri af reynslunni) að þenkja að refator sjálfur væri þess sinnis sem hann refererar, jafnvel þó vita mættu að hann ei taki sér annað fyrir en að greina sanna sögu þess fyrir sig tekna efnis með sínum atferlum. Enn síður kann ég hér að útfæra efnið (deductive) út í æsar með beggja málspartanna ástæðum og argumentis. Annars væri líklegt til að geta að theologiae studiosi íslenskir hafi látið sér umhugað vera að gefa gaum að þeim orðrómi sem hér hefir leikið á um stundir, sem er að nokkrar nýjungar og nýbreytnir tæki til að smeygja sér hér inn í trúar lærdóminn um stundir, jafnvel þó nú taki fleiri landar vorir að verða secularis, ég meina að undirbúast og affectera veraldleg embætti, en verið hefur í langan tíma. Þar fyrir læt ég yður þetta í hendur, sem öðrum velþekktum guðsmanni, til að fá nokkra þá ideam um nýju trúar fréttirnar sem ei gangi langt frá sannleikans lagi. En ég vona þér munið það vel í höndum hafa. En allt það sem ég hér á eftir skrifa í þessu ágripi veit ég ei annars en sannferðugt sé og ópartískt, eftir þeirri þekkingu sem ég hefi hingað til öðlast eður um slíka hluti áskynja orðið. Hafniae, anno reparatae salutis, stilo vulgari, MDCCLvij mense maiio, a.d. xx.viii. Vestrae pietati et dignitati observantissimus quem nosti. | [3r, l. 8]

### 1. Píetistar.

Fyrstir vorra tíma trúar nýgjörvinga voru þeir svo nefndir píetistar, guðræklingar ef kalla má og þeirra trú guðræklinga trú. Frider. (Friðrik) 4. hnekkti þeim með einhverju forboði anno 1706, en komu þó upp aftur í kóng(s) Kr(istjáns) 6. tíð, hér um 1732 og þar eftir.<sup>17</sup> Hér gengu þá ei svo litlar rokur um þá í þann tíma að það muni ei flestum kunnigt er eftir því hafa hirt að taka. Ég hafði og safnað mér nokkrum skriflegum documentis um það efni er ég tók með mér til Íslands síðast 1743 og lenti þar flest allt í óskila gripdeild, er ég því lítið löndum mínum skyldugur í því efni, ásamt annarri ásælni. En þetta skrifa ég í bón og trausti til yðar velæruverðugheita guðhræðslu og skynsemi að það komi þeim einum mönnum fyrir utan yður til yfirskoðunar er virði eigi þessa

---

<sup>17</sup> Friðrik 4. var konungur 1699–1730 en Kristján 6. 1730–1746. Hinn síðarnefndi var mjög hallur undir píetista, enda voru læriféður hans, J.G. Holstein og Joh. Villh. Schröder, báðir heittrúaðir og tengdamóðir hans, markgreifynjan Sophie Kristine, studdi þá einnig, en sagt er að konungur hafi gjarnan leitað ráða hjá henni (*Salomonsens konversations leksikon*. 2. útg. Ritstj. Chr. Blangstrup. IV og VIII (Kaupmannahöfn: J.H. Schultz Forlagsboghandel, 1916)).

relation á versta veg, útpýði illa eður ljúgi við. Eigi heldur gjaldi mér í kaup að gruna mig um hið sama er ég historium frá segi etc. Þeir voru raunar tvenns slags: Þeir einu er höfðu nokkrar nýjungar í frammi, aðrir er vildu halda ríkt því öllu er lagfært var við Lutheri reformation en aðeins hreinsa burt einn og annan óvanda sem sér hefði kunnað | [3v] síðan inn að smeygja, en um þá er ei umtalsefni því þeir voru eigi af slíkum nýgjörvingum. Prófasturinn staðarins, sálígi Marteinn Reenberg,<sup>18</sup> stóð hvað mest á móti þeim, sem hans skrif vottar, er einna helst orsakaðist af Sandbergs thesibus og edition Biblíunnar er um þá tíma útgekk í Vaisenhúsinu.<sup>19</sup> Nokkrir bæklingar útgengu hér um þá tíma sem sá um átta sælurnar og samtalið milli Demas og Timoth etc. Til að afstýra öllum óróa og vandræðum sem þann tíma voru sýnileg mun mega telja forordninguna móti prestanna ádeilum af predikunarstólunum, sem sá friðsami kóngur Kr(istján) sexti<sup>20</sup> lét út ganga. Mest vitnuðu þeir jafnan til andans og kærleikans sem byggðu sér í brjósti, kallandi hitt allt annað heila vit (hjerne forstand) en sinn lærdóm hjerte forstand, hjarta vit; það er að skilja, hinna lærdómur grundaðist á skilningsins skarpvitrum útbrotum og færi ei stórt lengra, en sinn í réttri hlýðni við Guð með viljans sannri endurbót. Þetta principium er reyndar grundvöllur og sem annar steðji allra vorra nýju trúar smíða. Ég hefi og orðið var við hina sömu nálega með berum orðum þrisvar eður oft framtalaða opinberlega. Hún er og höfuðgrundvöllur allra vorra tíma trúar nýgjörvinga. Það er í sér sjálfsagt og Jóhannes Fechtius<sup>21</sup> in sua Historia et Examine Novæ Theologiæ indifferentiæ seu Religionis Universalis, edita Rostochii et Lipsiæ 1721, in 8, sýnir hið sama ljóslega, einkum kap. 9, hvers titill er: | [4r] De Qvæstione: utrum in Conversione hominis à voluntatis emendatione, an ab intellectus illuminatione incipiendum sit. Eður með öðrum orðum De prævia voluntatis ante intellectum conversione. Fyrir því hafa þeir títt í munni og leiða sér til þau orð Kristi er standa skrifuð Matth(eusarguðspjalli) 7.21: Non omnis qvi dicit mihi, Domine! Domine! introibit in regnum coelorum: sed qvi facit voluntatem Patris, qvi in coelis est.<sup>22</sup> Og aðrar fleiri greinir ritningarinnar er því samhljóða, líka

<sup>18</sup>Morten Reenberg (1660–1736) var prófastur og sóknarprestur við Vorrar Frúar-kirkju í Kaupmannahöfn frá 1720. Hann var heitur andstaðingur píetista og talaði oft gegn þeim í predikunum sínum. Kristján fjórði varð að áminna hann um að nota ekki predikunarstólinn til þess að ráðast á píetista eða aðra sem ekki voru sama sinnis og hann í trúmálum. Sbr. *Dansk biografisk leksikon* XII (Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1982).

<sup>19</sup> Vaisenhúsbíblía er kennd við hið konunglega Vaisenhús (munadarleysingjahæði) í Kaupmannahöfn. Hún var fjórða útgáfa Biblíunnar, prentuð 1747. Hún er að mestu endurútgáfa á Þorláksbíblíu (1637–44) og átti að þjóna þeim tilgangi fyrst og fremst að gefa alþýðunni kost á að eignast Bíblíu á viðráðanlegu verði. Ég þakka Guðrúnu Kvaran fyrir þessa ábendingu. Um Vaisenhúsið og trúmál tengd því má lesa í *Danmarks kirkehistorie*, bls. 178.

<sup>20</sup>+ mun hafa gjört til að stýra af opinberum upphlaupum, sem eigi var alllangt til í þeirri tíð *en dregið út*.

<sup>21</sup> Johannes Fecht (1636–1716) guðfræðingur, seinast prófessor í Rostock. Hann var heitur andstaðingur píetista (*Deutsche Biographische Enzyklopädie* III. Útg. Walther Killy (Darmstadt: Wissenschaftliche Buchgesellschaft, 1996), bls. 239).

<sup>22</sup> „Ekki mun hver sá, sem við mig segir: ‚Herra, herra,‘ ganga inn í himnaríki, heldur sá einn, er gjörir vilja föður míns, sem er í himnum.“ Þýðingin er tekin úr *Bíblían. Heilög ritning*. Ný útgáfa (Reykjavík: Hið íslenska biblíufélag, 1981).



exempla er þeir hér til leiða, svo sem hirðaranna í Luk(asarguðspjalli) 2.15: Eamus sane Bethlehem utque, et videamus factum istud, qvod Dominus notum fecit nobis,<sup>23</sup> með fleiru öðru er ég hefi uppi heyrt og oflangt er að telja. Þeir leituðust við að koma mörgum á sína trú og lokkuðu suma eður keyptu til, að sagt var. Héldu heimugleg samkvæmi í hverjum kvenfólk talaði stundum fyrir þeim guðsorð og útbýddi ritninguna, meðdeildi og að sagt var sacram(enti) cenæ er þeir kölluðu kærleikans máltíð, en sín samkvæmi guðfrygtiheds övelse (iðkun guðrækninnar), af hverju þeirra nafn er og fyrst uppkomið, þó af góðum rökum, í Þýskalandi hér um 1690. Þar einn prófessor theol(ogiae) tók að lesa fyrir exercitia pietatis meir en áður hafði úðkast og fékk meiri heimsókn af studiosis en hinir aðrir og því máski af öfund settu þetta nafn á þá. Og svo hefir oft til borið að þó upptökin hafi verið góð hefur hluturinn í framtíðinni spillst og mengast, ei síður í religions efnum en öðru. Mest er af þeim í þeim stað er kallast Herrnhut, af fjalli þar hjá. Það er í Saxen.<sup>24</sup> Margt virðist vel sagt frá þeirra háttum, þeirra frjálsa og óþvingaða guðrækni, innbyrðis samlyndi og réttvísi í allri höndlan, ágirndarleysi og trúskapur, svo sýnast mætti.

Þá kom einninn upp ágreiningurinn um skriftastólinn. Tveir prestar voru afsettir, þriðji fyrir annað, fjórði vék sjálfkrafa.

II. Separatistar. Litlu síðar varð hér vart við þá svo kölluðu separatista, sem kannski kallast mættu á íslensku hinir frásneyddu. Af þeim var, og er enn þá, miklu færra en píetistum. Þeirra á milli er enginn góður vinskapur. Þeir eru svo kallaðir að þeir sækja hverki kirkju né sakramenti. Lifa þó annars vel útvortis og eru réttvísir í sinni höndlan og gefa og fátækum ölmusur. Þess slags voru þeir sem reknir voru frá Svía ríki og hingað komu í hitt eð fyrra, 1755, með hyski sínu. Allt var það almúgafólk, þó flest sjófarandi. Skipherra nokkur var þeirra fyrirliði. Þeir dvöldu hér nokkra stund í staðnum og svöruðu mönnum ljúflega, þeim er inntu þá eftir þeirra | [4v] motiver og ástæðum, hverra ein var sú, eftir þeim höfð, að menn þyrftu ei að tala í vissum stað eður á tilsettum tíma er þeir væri altíð hjá og gætu í öllum stöðum til náð, ei heldur að forlíka sig við þann er þeir vissi til fulls að hann væri sinn óbrigðull vinur að hafa meðgöngumenn til þess herra sem menn ættu altíð frían aðgang til og væru í vináttu með. Síðan fóru þeir yfir á Fjón, þar hafði verið nokkuð við þeim amast, því næst upp til Holsten og Þýskalands, þangað sem þeir náðu á fund sinna religions bræðra. Um altarisgöngur láta prestar hér menn vera sjálfráða en hitt líða þeir miklu síður.

<sup>23</sup> „Förum beint til Betlehem að sjá það, sem gjörst hefur og Drottinn hefur kunngjört oss.“ Úr sömu útgáfu Biblíunnar.

<sup>24</sup> Píetistinn Zinzendorf greifi frá Berthelsdorf við fjallið Herrnhut (Jón skr. Herrenhut) í Saxlandi skaut skjólshúsi yfir trúflokki frá Mæri sem kaþólikkar höfðu rekið frá heimkynnum sínum (*Dansk biografisk leksikon*, 3. útgáfa, XVI (Kaupmannahöfn: Gyldendal, 1984), bls. 159–160).

III. Nú eru hinir þriðju upp komnir sem meira er markið að og ei hefir hér í Danmörk á vorri [ tíð ] fyrr en hér um fyrir átta eður tíu árum, svo ég af viti, og er nú hvað tíðast um þá talað. Þeir hafa ýmis nöfn en eru þó oftast og almennast kallaðir frímaurer (id est muraru liberi, frímúrmenn) af þeirri orsök sem strax skal segja, en á frönsku les esprits forts – spiritus fortes. Þeir eru ei hinir ustu<sup>25</sup> af þessari religione indifferentistica (afskiptalausur eður hverkynlegu trú), er svo má kallast yfir höfuð. Kynnu, ef svo list, kallast á íslensku frjálstrúar, eður frítrúarmenn, og sá heili libertinismus kallast alfrí, með stærra rétti mætti það gengi nærri piæ et simplicæ puritati í ecclesia primitiva et apostolica, og því gefa sig margir til þeirra. Þeir ganga í kirkju þá þeim sýnist, tala ei nema guðlega hluti eður þarfa um sína iðju og handverk. Eiðar og lygar, enn síður baktal og rógur og svo framvegis. En sá nafnkenndi Jón Guðmundsson<sup>26</sup> (er kallaður var málari) sýnist hafa nefnt lutheranismum (af því pápískar leifar voru eftir í höfðinu á þeim karli. Hann lifði í biskupanna Guðbrands og Brynjólfs<sup>27</sup> tíð, sem kunnigt er, og hefir eitt og annað skriflegt eftir sig látið, sumt þó superstitiosum en sumt physicum, hvar fyrir sá nafnfrægi Þormóður Torfason<sup>28</sup> kallaði hann Plinium Isl(andicum) etc.).<sup>29</sup> Hið sama er ef þeir væru kallaðir frjálsleika menn og þeirra trú frjálsleika trú. Jafnvel máske líka mætti kallast hoffmanna trú. Eigi hafa [ 5r ] þeir í frammi neina skinhelgi eður hræsni, sem borið hefur verið sumum píetistum á brýn. Þeir taka generalissima af hverri religion, eður secta í christianismo, og þar fyrir admittera þeir í sína societatem alla þá er þau meðkenna. Hafa ei nema þrjár höfuðgreinir að eins sinnar trúar meðkenningar, sem eru: 1. Amor in Deum ex toto corde summa cum mentis humilitate conjunctus. 2. Opera charitatis in proximum. 3. Obedientia erga magistratum observantissima. Svo minnir mig að standi í skrifi því sem prestur nokkur í Noregi, í Nesja sókn svo kallaðri, hefur um þá gjört og dedicerat til kóngsins vors, þá hann þangað kom. Prestsins nafn er Karl Ferdinand Treu, sumir segja það sé á prent útgengið. Það er á dönsku og á ég það í láni annars staðar.<sup>30</sup> Þar stendur og að þeir leiði sína sectam frá Gamla testamentisins tíðum og jafnvel Salomons musteri indifferentismi. En Fechtius þykist finna Apellem nokkurn þann fyrsta

<sup>25</sup> Líklega hefur átt að vera hér lýsingarorð í hástigi, eyða er fyrir framan orðhlutann og hefur Jón atlað að finna hentugt orð við tækifæri.

<sup>26</sup> Jón Guðmundsson lærði (1574–1658) var málari, skáld og fræðimaður (sjá nýlega doktorsritgerð um hann, ásamt útgáfu á tveimur ritgerðum hans, eftir Einar Gunnar Pétursson, *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða I–II* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1998). Einnig nýlega grein eftir Viðar Hreinsson „Tvar heimsmyndir á 17. öld. Snorra Edda í túlkun Jóns Guðmundssonar lærða (1574–1658)“ í Sverrir Tómasson, *Guðamjóður og arnarleir. Safn ritgerða um eddulist* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996), bls. 117–163).

<sup>27</sup> Guðbrands Þorlákssonar (um 1542–1627) og Brynjólfs Sveinssonar (1605–1675).

<sup>28</sup> Þormóður Torfason (1636–1719), sagnaritari í Noregi.

<sup>29</sup> Rómverjinn Plinius Secundus, sem uppi var á fyrstu öld fyrir Krist (23–79 f. Kr.), var höfundur rits um náttúrufræði (*Íslenska alfræðiorðabókin P–Ö* (Reykjavík: Örn og Örlygur, 1990)).

<sup>30</sup> Sjá hér að framan, nmgr. 15.

höfund á Nýja testamentisins tímum, er lifði circa finem secundi seculi, þann er Eusebius um getur Libro V. Historiae Eccles(iasticae) kap. 13.<sup>31</sup> Þar fyrir er ei furða að þeir meðtaka allar sectas í christianismi, en um gyðinga og tyrkja er ei svo trúlegt, þó sumir svo tali. Eigi er sagt þeir kappkosti að draga menn til sín með féggjöfum, sem mælt var um marga píetista, og eigi eru þeir heldur eftir að taka í sitt samfélag og bræðraskap nema sérlega skynsemdar eður íþróttamenn, þá sem að lærdóms hugviti eður handverka íþróttum séu óbreyttum almúga fremur, eður einhverja gagnlega hluti uppfinna sem áður hafi ókunnir niðri legið. Frímaurar eru þeir því kallaðir að þeir gjöra sig fría og frjálsa og óbundna lausamenn | [5v] í trúarbrögðum. En múrmenn að jafnvel þó þeir séu af ýmsu tagi og meðtaki alls kyns menn þá hafa þeir á sér múrmeistara brag í kenniteiknunum. Ég hefi séð eitt bílæti á gifsplötu í medalíu formi sem þá átti að þýða. Það voru fyrst tvö manns andlit, er í sína áttina horfði hvert. Það eina var yngismannslegt og skegglaust, en hið annað ellilegt og skeggjað. Þar stóðu þessi orð í kring. Mit fleiss und wersichtigkeit, það er með iðni og forsjálni. En fyrir neðan myndina lágu múrmeistara verkfæri og áhöld, sem er hamaröxi, kalksleif, skinnsvunta, sirkill, vinkilhaki, blýmælisnúra (water-passinn) og máske fleira er því handverki tilheyrir. Þeir halda að sönnu heimuglegar samkomur með sterkum vörslum, traktera sig skikkanlega og tala mest um res politicas og sín efni, að mælt er. Rækja mest bænabækur góðar og aðrar hjartnæmar bækur ígrundunar- eður disputatiulausar, svo sem til dæmis að taka hjá oss af þeim alkunnu eru Soliloqvia,<sup>32</sup> tala mest og innvirðuligast og með mikilli áhyggju um Kristi dýra blóð og forþénustu, en öll djúpsinnug scrutinia forsmá þeir. Eigi heldur þóknast þeim að mórálisera mikið í predikunum. Þess slags eru nú og sumir predikarar, segjandi það megi yfirlátast heiðnum skáldum og kómedíuskrifurum, sem eru til dæmis þeir rómversku sem menn um hönd hafa, Juvenalis, Persius, Horatius etc. Svo mun eins segjast eiga um Argum svenskra<sup>33</sup> og þann nafnkennda, og fyrir fáum | [6r] árum dauða, Holberg<sup>34</sup> hjá Dönnum etc. Hvað mundu þeir gjöra úr vorum straffpredikanna postillum? Eigi annað en kalla slíkt ófriðsamt sæði forblindaðrar náttúru og þar af sprottinna affecta, eftir hvers eins lundernis biturleika og linleika. Amor solus in Deum, láti mann evitera peccata og sækja remedium imperfectionis, in sufficienti lytro et

<sup>31</sup>Um Fechtius sjá nmgr. 21. Eusebius biskup (ca 260– 340) skrifaði sögu kristinnar kirkju til 324.

<sup>32</sup> *Soliloqvia de passione Iesu Christi. Það er. Eintal Saalarinnar vid sialfa sig ...* eftir Þjóðverjann Martin Moller var þýdd af Arngrími Jónssyni lærða og prentuð mörgum sinnum á 17. og 18. öld. Þetta rit mun hafa haft mikil áhrif á bókmenntir Íslendinga, t.d. á passíusálma séra Hallgríms Péturssonar (sbr. Arne Møller, *Hallgrímur Pétursson Passionssalmer. En Studie over islandsk Salmedigtning fra det 16. og 17. Aarhundrede* (Kaupmannahöfn: Gyldendalske Boghandel, 1922)).

<sup>33</sup> *Then swänska Argus* var tímarit sem sænska skáldið og sagnaritarinn Olof von Dalin (1708–1763) gaf út vikulega á árunum 1732–34. Greinar í tímaritinu voru gjarnan hæðnar ádeilur á fordóma og trúarkreddur (sjá *Svensk uppslagsbok* VI (Malmö, 1934), d. 903–906).

<sup>34</sup> Ludvig Holberg (1684–1754), norsk-danskur rithöfundur og sagnaritari. Þekktur m.a. fyrir gamanleiki en einnig ritgerðir heimspekilegs eðlis.

satisfactione quam Christus proprio suo et pretioso sanguine generi humano comparavit. Veit ég bækling hér fyrir skömmu út genginn í 8vo um Jesú sár og undir, er inniheldur mörg hinna gömlu kristninnar lærifeðra orð og hinna á síðari tímum, eigi minnst Lutheri og annarra theologorum. Líka hefi ég séð á litlu kveri í þverformi (eður grallara formati, er íslenskir svo kalla) greinir ritningarinnar með versum fyrir neðan, er einungis til hins sama stunda. Auctor þeirra er prestur einn hér í staðnum. Hvað mundu þessir gjöra úr vorum straffpredikana postillum, helst þá deilt er meir á fólk en lagðar evangelískar hjálpar og huggunar, samt hollra ráða plástur við meinin. Svo kallaðir fratres misericordiae eru að sönnu engin sérleg secta og kunna eins vel að applicerast og tilhlýða þeim einu sem annarri religion. Þeir eru ei heldur hataðir af frímaurum eður öðrum, svo ég viti. Eru mest í klaustrum, eður einn og annar meðal ýmsra þjóða. Öllum meinlausir og ekkert illt þenkjandi. Máske vér kunnum og að rekja spor til þeirra í Íslandi en þá í papismo. Allir þessir kallast einu nafni af lærðum mönnum indifferentistar og mega í því orði máske einninn innilykjast eclecticici og latitudinariii, ef eigi og theologia eruditorum et prudentum er<sup>35</sup> | [6v] sumir fyrri theologi hafa svo kallað.

3) Mopsar, ef satt er.<sup>36</sup> En á þá ópökkamenn er varla vert að minnst sem kallaðir eru Mopsar, því ég veit ei til vissu og efa hvert þeir eru til hér í landi, þó þeir séu sagðir finnast í Hollandi. Enda er þeirra signum fraternitatis confæderationis, sodalitatis, eður consociationis (hvert sem kalla skal) svo ómannlegt og ópökkalegt að ljótt er á að minnst fyrir heiðvirðum mönnum. Og enn þótt það eigi að vera í einhverri humiliations meiningu. Vil ég því mér ekkert af þeim skipta en enda heldur þetta ágrip með þeirri alvarlegri bæn að sá góði miskunnsemdanna faðir, sem vill að allir menn verði sáluhólpnir og komist til sannleiksins viðurkenningar, láti framvegis ríkja meðal vor sitt einungis alla menn hólpna gjörandi heilaga orð, hreint og ómengað fyrir utan allar skælar, beyglanir og afvegu, er hinn alvondi óvinur og hans erindrekar uppá finna. Og að það mætti ei einasta viðhaldast heldur og ávaxtast og margfaldast, ei einungis um vora stutta ævitíð heldur, ef mögulegt er, allt til veraldarinnar æviloka. Faxit Deus, et fiet!

[Endurgerðin frá 1764]

Nokkuð um núveranda lítið afbrugðið religions tilstand hér í staðnum.<sup>37</sup>

<sup>35</sup> Síðar batir Jón við: „Nú á þessum tímum 1764 eru flestir frímaurar og separatistar haldnir að vera í Dantzic, vill magistraten þar að sönnu fá þeim burtstíað en er ei auðvelt.“

<sup>36</sup> Fyrirsögninni hefur Jón bæt við síðar.

<sup>37</sup> Þessi stutta atlega að efninu er á bl. 7r . Á bl. 7v er einungis fyrirsögn: „Projektin eður projekt“. Bl. 8 er autt, sem bendir til þess að ritsmíðin sé ófullgerð.

Að sönnu er hér nú enginn opinber ágreiningur í trúarbrögðum. Ef hér kunna að vera nokkrir svokallaðir píetistar, meliores vel peiores, þá ber lítið á þeim. Eigi heldur á separatistum, eður indifferentistum þeim er almennt nefnast frímaurar (það er murarii liberi, eður hinir frjálsu múrmenn). En það er kunnigum skiljanlegt að hér tekur að læðast inn hjá mörgum eins slags lapismus subtilis, sem setur gylltan lit á sig með helgiskini ei allitlu. Nú taka að gjörast þeir prestar og predikantar er einasta tala um hið dýra endurlausnar blóð Kristi, með alvarlegum kærleika til Guðs og endurlausnarans, en af þeim kærleika spretti hinn til náungans. Predikanir þeirra og versa gjörðir innihalda þetta mest. Þeir lasta allar moralizationer, bæði núverandi presta og í bókum hinna fyrri manna, segja það umvendi fáum, og predikunar stóllinn sé hafður fyrir ádeilustað, þar þeir sem svo eru lyntir megi frjálslega úthella galli sínu. Veit ég einn prestlausan predikant er brúkar crucifix á neftóbaksdósum sínum af silfri. – (Mr Skeggi, eður Birtingur). Sumir á máluðum pappírs spjöldum í húsum sínum. Mörg vers eru útgengin fyrir ungmenni, öll einungis um Kristi blóð. Meðal annarra eru vers Jens Pedersens Juel, sem verið hefur um stundir kateket og kapelán pro persona til Trinitatis kirkju, þrykkt anno 1761.<sup>38</sup>

Tek ég nú til að sanna spágátu assessors Árna heitins<sup>39</sup> um eftirkomandi tilstand tímanna, hvílíkt verða mundi. Ég merkti að honum þótti ei ólíklegt að hér mundi upp koma.<sup>40</sup>

[Endurgerðin frá 1776]

Nú Anno 1776 eru hér í Kaupenhafn keimur og snertur af þessum eftirnefndum novationibus, vel schismatibus religionis.<sup>41</sup>

Fyrir utan þá viðteknu reformationem Lutheranam, er Lutherus byrjaði í Wittenberg Anno Domini 1517<sup>42</sup> en hér í Danmörk var viðtekin 1536 þá þeir kaþólsku biskupar voru fangaðir, en á Íslandi 1550, eftir það Ögmundur biskup var færður af landinu hér um 1541<sup>43</sup> en Jón biskup Arason á Hólum aftekinn í Skálholti í nóvember 1550,<sup>44</sup> þá hefur eigi borið á neinum nýjum umbreytingum nema hjá stöku mönnum. Prestur nokkur í Sælandi vildi reformera nokkra pósta. Síra Jón sálugi

<sup>38</sup> Jens Pedersen Juel (1725–1779) var á þessum árum kapelán og kateket við Trinitatiskirkju í Kaupmannahöfn en varð sóknarprestur í Bredstrup í Vejleamt 1765. Jón á hér við ritið *Jesus af Nazareth i sit første Blod som en liden Nyt-Aars-Gave til mine Confirmations-Børn*. J.P.J. (Kaupmannahöfn, 1762). Sjá H. Ehrencron-Müller, *Forfatterlexikon omfattende Danmark, Norge og Island indtil 1814 IV* (Kaupmannahöfn: H. Aschehoug & co, 1927), bls. 328–329.

<sup>39</sup> Árni Magnússon (1663–1730) prófessor og handritasafnari. Jón Ólafsson var skrifari Árna og lærisveinn frá árinu 1726 og skrifaði ávisögu hans, sem birtist í *Merkir Íslendingar IV*. Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar (Reykjavík: Bókféllsútgáfan, 1950), bls. 41–50.

<sup>40</sup> Hér hattir Jón snögglega.

<sup>41</sup> Þessi endurgerð hefst á bl. 1v, línu 8 og niður blaðið, en heldur svo áfram á bl. 9r–v. Á spássíu við öftustu málsgreinina segist Jón hafa endað þetta skrif 11. maí 1776.

<sup>42</sup> Leiðrétt úr 1717.

<sup>43</sup> Leiðrétt úr 1546. Ögmundur biskup Pálsson (d. 1541).

<sup>44</sup> Leiðrétt úr 1750.

Sigurðsson, prófastur í Ísafirði og prestur á Eyri<sup>45</sup> í Skutilsfirði hér um frá 1730, proponeraði í synodo á Alþingi nokkra pósta fyrir Ólafi biskupi Gísla(syni).<sup>46</sup> En þeir andlegu menn gegndu því engvu.

Guðbrandur biskup nefnir einhvers staðar, ef mig rétt minnir, sacramentista innkomna. Það er líkast hafa verið einhverjir er sigldu til Englands og höfðu þar verið.

Ei allfáir hafa þar verið nokkuð hneigðir til þeirrar kaþólsku, því forfeðurnir muni ei hafa villst svo mikið sem látið er. Brynjólfur biskup var haldinn crypto-catholicus, því þá hann var rektor í Roskild, sem var í 6 ár, hefir honum vitrast beata virgo María og sú svenska Birgitta.<sup>47</sup>

Jón Guðmundsson lærði, öðru nafni málari, famosus magus, er skrifað hefir lítið skrif um Íslands náttúru og svo sem physicam og um hvalfiska, hefir gjört eitt systema um álfa fólk og sagt þar frá þeirra religion, lærdómi og háttasemi.

Í tíð Jóns biskups | [9r] Þorkelssonar<sup>48</sup> hafði komið að austan Árni nokkur hér um 1716, predikaði á bæjum, mest um andann og kærleikann, og kvað presta kenna fólki vanræktarlega og sljólega.<sup>49</sup> Ég minnst mig hafa séð eitthvert bréf þess biskups til sál(uga) ass(essors) Árna,<sup>50</sup> sem þess er getið.

//Árni nokkur kom að Skálholti circa 1720 er predikaði fyrir fólki talaði mest um kærleikann, kvað presta sljólega rækja skyldu síns embættis. Það var og í tíð Jóns biskups Þorkelssonar að maður nokkur vel greindur og afhaldinn, Jón í Leirárgörðum, hafði dubium eitthvert um divinitatem Kristi, gat biskup eigi komið honum vel frá því en bað hann að láta<sup>51</sup> slíkt ei til sín heyra, hverki börn sín eður aðra, og því lofaði hann og hélt það.

Séra Jón Sigurðsson, kunningi minn, prestur á Eyri í Skutilsfirði og prófastur, proponeraði í synodo nokkrar thesis á alþingi fyrir biskupi Ólafi [Gíslasyni], en prestar slógu því í vind.//<sup>52</sup>

Vissi ég einn sérvitring er hafði, fyrir utan önnur effata, um hönd að það væri ei annað en viðlíkt sem að drekka kóngsins skál og sem að miklu sem kristileg cereno má nokkur.<sup>53</sup>

Páll lögmaður,<sup>54</sup> heldur en ass(essor) Árni [Magnússon], kvaðst hafa heyrt prest nokkurn á ferð sinni predika í kirkju sinni er hann merkti aldrei nálega nefndi Kristum. Talaði Páll lögmaður til hans um

<sup>45</sup> Hér hefur Jón fyrst skrifað „Stað“, en strikar yfir það. Séra Jón Sigurðsson (1702–1757) var uppeldisbróðir Jóns Ólafssonar. Hann sagði af sér prestskap og flutti til Kaupmannahafnar 1741.

<sup>46</sup> Ólafur biskup Gíslason (1691–1753).

<sup>47</sup> Brynjólfur biskup var rektor í Hróarskeldu í 6 ár, hér sýnist þó standa 10 ár.

<sup>48</sup> Jón Þorkelsson Vídalín biskup (1666–1720).

<sup>49</sup> Á spássú stendur hér „Enthusiasmus“.

<sup>50</sup> Þ.e. Árna Magnússonar.

<sup>51</sup> Skr. tala, leiðrétt hér í láta.

<sup>52</sup> Það sem er innan // er skrifað neðar á blaðinu en merkt inn í textann.

<sup>53</sup> Á spássú stendur: „Helgi Jónsson hálf socinian [?]“

<sup>54</sup> Páll Jónsson Vídalín (1667–1727), lögmaður í Víðidalstungu, fósturfaðir Jóns Ólafssonar Grunnvíkings.

það en hann bað hann að láta sig vera kyrran, hann væri gamall orðinn. Hélt lögmaður hann fyrir deista.<sup>55</sup>

Ógegnilegt orðatiltæki sumra hefur legið við að gjöra hneyksli, sem prestsins til Vesturhóps<sup>56</sup> í fræðalesturs umferð um veturinn, er sagði þetta um veturinn 1725: Kristus fuit Maximus peccator. Páll lögmaður skrifaði þetta til biskupi herra Steini [Jónssyni (1660–1739)] en hann gegndi því litlu því prestur, séra Halldór [Hallsson (1690–1770)], hafði skrifað honum til að aðrir theologi hefðu leyft sér að tala viðlíkt sem Gerhardus, að syndin væri sem sá er hún væri móti gjör, því hún hyldi Guð fyrir vorum trúar augum etc.<sup>57</sup>

En hér í K(aupmanna)höfn hefur í minni þarverutið, frá anno 1726, orðið vart við þessa sectarios, og inn til annum 1776.

1) Í tíð Kristjáns sjötta eflidist mest pietismus með innkomu markgreifynjunnar, móður drottningar, hér um 1732 og þar eftir.<sup>58</sup> Þeir voru raunar tvennslags: þeir einu er þótti komið dof á exercitium pietatis, vildu renovera religionena til postulanna og Lutheri lærdóms. En hinir voru hræsnarar er höfðu um hönd nokkra subtilitates um andann og kærleikann. Útveguðu sér tilhengjendur með peningum, vildu ei vinna, lásu í bænabókum mest, frömdu promiscuos concubitus og höfðu ýmsar trúar grillur subtiles.

Þriðja grein voru þeir svo kölluðu herrnhútar, eður mærisku bræður.<sup>59</sup> Töluðu mest um andann og kærleikann og blóðið. Það átti að heita alvarlegri devotion og andakt en hingað til verið. En þar með var communio bonorum. En menn fundu að þetta var lymaska og lá undir því að draga til sín annarra eigur. Greifi Zinzendorf var nefndur þeirra formaður.<sup>60</sup> Þeir Lichtensteins bræður,<sup>61</sup> sem svo kallast, skulu vera næstum sama slags sem herrnhutara. Fridericus qvartus [Friðrik fjórði] hefur anno 1706 með forordning bannað.

2) Um þessa tíma, eður litlu síðar, varð vart við þá sem kallast abelinar eður abelitar, af Abel hinum réttláta syni Adams. Þeir vilja hafa hreina trú fyrir utan allan sectarismum og consulerar mest innbyrðis um ríkisins gagn og publicum bonum. Í því eru mest ypparlegir standsmenn og líka lærðir. Ég á skrif um þá pietat í oktavo.<sup>62</sup>

<sup>55</sup> Á spássú stendur „Deisti“, þe. skynsemistrúarmaður.

<sup>56</sup> Skrifað: V Hopi. Á spássú: „ógatilegt orðatiltæki s. Halldór Hallsson á Br(eiða)bólstað“. Séra Halldór átti í deilum við Pál Vídalín, fósturföður Jóns (sjá *Vísnaðver Páls Vídalíns*, bls. cviii–cxi o.v.).

<sup>57</sup> Hér er vísað í Hugvekjur Gerhards, 3. kafla. Þýðandi og útgefandi hugvekjanna, Þorlákur biskup Skúlason, raðir þetta atriði einnig í formála 2. útgáfu, „Jectori salutem“, en skilja má af orðum hans að það hafi farið fyrir brjóstið á sumum lesendum fyrstu útgáfunnar. Sjá *Fimtiú Heilagar. Hugvekiur edur Vmþeinckingar ... 2. útg.* (Hólum, 1634).

<sup>58</sup> Markgreifynjan Sophia Kristine var píetisti, sjá nmgr. 17.

<sup>59</sup> Sjá nmgr. 24 og 60.

<sup>60</sup> Zinzendorf greifi (1700–1760; Jón skrifar Seokendorph) var upphafsmaður bræðralagsins í Herrnhut í Þýskalandi. Hann var frandi Soffíu Magdalenu, drottningar Kristjáns 6., og dvaldi um tíma í Danmörku á fjórða áratug 18. aldar. Sjá einnig nmgr. 17.

<sup>61</sup> Ekki hafa þeir fundist í handbókum.

<sup>62</sup> Á spássú: „hreinlyndir eðalmenn“.

3) Þá eru hvað nafnkenndastir nú á tímum þeir er kallast indifferentistar, og þó hvað almennast frímaurar (edur murarii liberi). Þeir hafa raunar fyrir sér þann mesta latitudinarismum og admittera ei alleina kristna heldur jafnvel gyðinga og tyrkja.<sup>63</sup> Presturinn á Nesjum í Noregi, Carl Ferdinand Treu, hefir gjört skrif um þá (eg hefi skrifað mér það upp en Jón Marteinson fékk það að láni og missti ég það svo).<sup>64</sup> Þeir hafa að eins þrjá trúar articula: 1) Amorem in Deum et 2) Amorem in proximum cum bonis operibus. Disputera eigi um trúna, lesa heldur bænabækur. Þessi deita er sögð að hafa uppkomið seculo tertio og lafað við síðan. Það sýnist vera sú galante trú sem greifi Oxenstjerna um talar.<sup>65</sup> Hafa í frammi miklar ógnanir og forfælingar þá þeir taka á móti nokkrum, vilja helst ríka eður lærða eður hugvitsama handverks, en ei hvern almennan. Gefa og peninga þeim er veita viðtöku ef þeir sjá hann í nokkru hertan. Styrkja hverjir aðra með vörum og kaupskap, jafnvel frá einu landi til annars. Sagt er þeir hafi promiscuas libidines og akti engva continentiam.

4) Separatistar eru svo kallaðir að þeir skilja sig frá kirkju og Guðs borðs brúkan. Kveða sér dugi nóg sitt lumen internum, hafa þó conventicula milli sín. Þess háttar voru þeir bændur, og þeirra foringi skipherra nokkur, er hingað komu um haustið hér um 1768, dvöldu hér nokkra stund og fóru síðan til Þýskalands, til bræðra sinna sem þar eru einhvers staðar nálægt Holsten, eður í Holsten.

5) Síðast tel ég þá svo kölluðu mopsa, er sig kalla sjálfir bræður og systur. Þeirra signum, eður symbolum fraternitatis, er nokkuð kynjilegt, ef satt er, deosculatio scil(icet) ani canini. Látast vera úrtöku humiles og frómir innbyrðis og hata mest alla drambsemi. Sér kunnigt, svo ég viti, hver sérleg placita religionis þeir hafi önnur. Sýnast annars ei ólíkir þeim anabaptistis eður mennonistis í Hollandi. Af öllum þessum sýnast indifferentistarnir vera hættulegastir og opna dyr til atheismum, er sumir segja að smeygi sér inn ásamt naturalismo hjá nokkrum, þó sé hann mest að finna í Polen [Póllandi] og Skotlandi. Að því lýtur sem spáð er af sjálfum Kristó um þá síðustu tíma. Respice sis ad Luc. XVIII. vers. Filius hominis cum venerit, num reperturus est fidem in terra.<sup>66</sup>

Á mörgu því sýnist nú brydda er h. Páll spáir fyrir að fram koma muni til tálmanar rétttri trú á síðustu tímum heimsins. Epistola ad Timoth 1. kap., 1. vers 10, qvi committunt ea quæ sanæ doctrinæ sunt opposita criminales inflati, ibid kap. 2, vers 6, et ibid criminales, item kap. 4, vers 2, hypocrisis falsiloqvorum et VI, v(ers) 4, qvi qvæstui habent pietatem sed manum de tabula, hac vice et hoc loco.

<sup>63</sup> Á spássú: „Hoffmanna trú eður sú galante trú eður kavalera trú“.

<sup>64</sup> Sjá um hann nmgr. 15.

<sup>65</sup> Hér er að öllum líkindum átt við Johan Thuresson Oxenstierna greifa (1666–1733), en hann skrifaði bækur um siðalærdóm (sjá *Svenska män och kvinnor. Biografisk uppslagsbok* V (Stokkhólmi: Albert Bonniers förlag, 1949), bls. 689).

<sup>66</sup> „En mun Mannssonurinn finna trúna á jörðu, þegar hann kemur?“ Þýðingin er tekin úr *Biblían. Heilög ritning* 1981.